

Föstudaginn 9. marz 1934.

Nr. 101/1933. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Snæbirni Guðmundssyni

(Eggert Claessen).

Ómerking.

Dómur lögregluréttar Árnassýslu 27. maí 1933: Kærði, Snæbjörn Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í 15 daga og greiði 800 króna sekt í rikissjóð, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi ásamt ílátunum skal vera upp-tækt og eign rikissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta, sem höfðað hefir verið af valdstjórn-arinnar hálfu gegn Snæbirni Guðmundssyni bónda á Gjabakka í Þingvallasveit fyrir brot á 6. gr. og 11. gr. áfengislaga nr. 64/1930, hefir verið dæmt af lögfræðingi Arnljóti Jónssyni sem „commissario“.

Hin kgl. umboðsskrá, sem er dags. 29. marz 1933, hefir eigi verið lögð fram í lögregluréttinum, en hefir hinsvegar verið lögð fram af sækjanda hálfu í hæstarétti, er málið var þar flutt 7. þ. m.

Í umboðsskrá þessari er nefndum lögfræðingi falið að halda réttarrannsóknir í tilefni af brotum á áfengislöggjöfinni og öðrum brotum er í sam-bandi við fyrrgreind brot kunna að standa, og til framkvæmdar því starfi er honum veitt heimild til að setja rétt innan sérhvers lögsagnarumdæmis landsins og framkvæma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kynnu að vera vegna rannsóknar-

innar. Í umboðsskránni er hinsvegar ekkert tekið fram um það, að commissarius hafi umboð til að fara með og dæma mál þau, er honum hefir verið falið að rannsaka, svo sem venjulega er tekið fram í slíkum umboðsskrám. Það verður því að líta svo á, að nefndan lögfræðing hafi brostið heimild til að fara með og dæma mál þetta eftir að rannsókn þess var lokið.

Af þessari ástæðu verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða lögregluréttardóm og greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors, úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögregluréttardómur á að vera ómerkur. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Eggerts Claessen, 60 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.